



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/1447*  
*komudagur 20.4.2005*

Reykjavík 19. apríl 2005.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 /1993, 229. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp Þuríðar Backmans og Ögmundar Jónassonar til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 /1993, 229. mál.

Frumvarpið er að nokkru leyti svipað frumvarpi heilbrigðisráðherra frá því fyrr í vetur um breytingu á sömu lögum, þ.e. það miðar að eflingu tannverndarmála. Frumvarp Þuríðar og Ögmundar er frábrugðið frumvarpi heilbrigðisráðherra að því leyti að það gengur lengra hvað varðar skyldu Tryggingastofnunar ríkisins til að taka þátt í kostnaði við tannviðgerðir ungmenna og lífeyrisþega.

Alþýðusamband Íslands hefur lagt áherslu á að kjör barnafjölskyldna og lífeyrisþega verði bætt. Í samræmi við þetta lýsti Alþýðusambandið sig sammála frumvarpi heilbrigðisráðherra þegar það var sent til umsagnar. Í ljósi þess að frumvarp Þuríðar og Ögmundar gengur lengra í átt að ofan-nefndum áherslum Alþýðusambandsins lýsir sambandið yfir að það styðji frekar það frumvarp sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ